

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sólheimakapellu, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sólheimakapellu.

1. gr.

Sólheimakapella er reist í hinum gamla kirkjugarði Sólheimasóknar af fimm áhugamönnum búsettum í hinni fornu Sólheimasókn. Kapellan er ætluð til nota við greftranir í kirkjugarðinum, svo og til allra almennra kirkjulegra athafna eftir samkomulagi við sóknarprest Víkurprestakalls.

2. gr.

Sjóður Sólheimakapellu er stofnaður með gjöf frá kvenfélagi Dyrhólahrepps, kr. 5000.00, sem gefnar eru til minningar um 30 ára starf félagsins. Í gjafabréfi, dagsettu 15. júlí 1959, er fram tekið, að fénu megi aðeins verja til feegrar og viðhalds Sólheimakapellu.

3. gr.

Annað fé sjóðsins, auk venjulegra vaxta, eru gjafir og áheit, sem kapellunni kunna að berast.

4. gr.

Fé sjóðsins skal varið til feegrar og viðhalds kapellunni. Þó er óheimilt að skerða höfuðstól meira en svo, að jafnan standi kr. 10000.00 eftir.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í hinum almenna kirkjusjóði

6. gr.

Stjórn Sólheimakapellu skal skipuð 5 mönnum. Sjálfkjörnir séu sóknarprestur Víkurprestakalls (Skeiðflatarsóknar) og formaður sóknarnefndar Skeiðflatarsóknar. Auk þess skulu 3 menn kosnir á aðalsafnaðarfundum Skeiðflatarsóknar til 6 ára í senn, og tveir til vara, og skulu þeir allir hafa búsetu vestan Hafursár. Sóknarpresturinn er formaður stjórnarinnar.

7. gr.

Stjórn kapellunnar skal annast umsjón og viðhald hennar. Enn fremur skal hún annast reikningshald kapellunnar og halda skrá yfir gjafir og áheit, er henni kunna að berast. Reikningar skulu endurskoðaðir á héraðsfundi og síðan lagðir fyrir safnaðarfund Skeiðflatarsóknar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.